



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION
Alþingi

Erindi nr. P 128/746

komudagur 13.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2003.

FRUMVARP TIL LAGA UM VINNUTÍMA SJÓMANNA.
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 11. desember s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna.

Efni frumvarpsins varðar hagsmuni íslenskra kaupskipaútgerða og jafnframt hagsmuni annarra útgerðaraðila á Íslandi. Frumvarpið byggir á efni þriggja tilskipana Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um vinnutíma á fiskiskipum, tilskipun 1999/63/EB um vinnutíma á kaupskipum og tilskipun 1999/95/EB um vinnutíma á skipum sem fara um hafnir í Evrópusambandinu.


Hinn 26. maí 1999 skipaði samgönguráðherra samráðshóp sem skipaður var fulltrúum hagsmunaaðila, Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytis. Hlutverk samráðshópsins til að fjalla um tillögur Evrópusambandsins um vinnutíma sjómanna á skipum og gera tillögu til samgönguráðherra um nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar. Samráðshópur þessi skilaði tillögum sínum um þetta efni til samgönguráðherra með skilabréfi dags 15. október 2001.

Í tillögum starfshópsins um vinnutíma sjómanna á kaupskipum, sem byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr 1999/63/EB segir:

“Hvildartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvildartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvildartíma.”

Í meðförum samgönguráðuneytis við gerð frumvarpsins, eftir að ofangreindur starfshópur skilaði af sér, hefur þessu ákvæði verið breytt án þess að þeim er sátu í starfshópnum hafi verið gert viðvart þar um. Samkvæmt 3. gr frumvarpsins mun nýtt ákvæði 7. gr A í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa verða svohljóðandi, (sjá niðurlag málsliðar 2 í 3. gr frumvarpsins):

“Hvildartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en en tvö og skal annað vera að lágmarki 6 klukkustundir og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar.”



Hugtakið “samfelld hvíld” er ekki að finna í frumtexta tilskipunarinnar og kemur ekki fyrir annars staðar í frumvarpinu eða lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Í tilskipun Evrópusambandsins nr 1999/63/EB er að finna eftirfarandi texta:

“Hours of rest may be divided into no more than two periods, one of which shall be at least six hours in length and the interval between consecutive periods of rest shall not exceed 14 hours.”

Með framangreindri breytingu á orðalagi hinnar íslensku þýðingar á ákvæðum tilskipunarinnar hefur samgönguráðuneytið annað hvort meðvitað eða ómeðvitað gjörbreytt innihaldi lagagreinarinnar. Sé lögð sú túlkun í hugtakið “samfelld hvíld” að hún sé 10 klukkustunda samfelld hvíld í samræmi við fyrri hluta 2. málslíðar, verður að túlka það svo að þessi breyting á orðalagi frumvarpsins geri þá kröfu að eigi skuli líða meira en 14 klukkustundir á milli þess sem viðkomandi skipverji nýtur 10 tíma hvíldar. Þetta breytta orðalag samræmist ekki ákvæðum tilskipunar 1999/63/EB og kann breytingin að hafa viðtækar afleiðingar, ef til ágeinings kemur og málið kemur til kasta íslenskra dómstóla. Verði frumvarp þetta að lögum án breytinga á þessu ákvæði, munu íslensk lög ganga lengra en samsvarandi ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins og lengra en samsvarandi ákvæði okkar nágrannaþjóða. Með slíku ákvæði eru jafnframt gerðar meiri kröfur um hvíldartíma á þeim erlendum skipum, sem hingað sigla, þar sem hin íslensku ákvæði skulu einnig ná til þeirra erlendu skipa sem hingað sigla. Hér er um að ræða óásættanlegan hringlanda frumvarpsins í meðförum samgönguráðuneytis.

Með vísan til þess er að ofan greinir gerir Samband íslenskra kaupskipaútgerða þá kröfu að orðið “samfelld” verði fellt niður í 2. málslíð 3. gr frumvarpsins, staflíð a.

Með ákvæðum þeim sem fram koma í 3. gr frumvarpsins, staflíð b. munu séríslensk ákvæði um hvíldartíma á íslenskum skipum samkvæmt staflíð a. einnig gilda um þau erlendu skip sem fara um íslenskar hafnir. Ef þau erlendu kaupskip sem koma til Íslands fylgja ákvæðum tilskipunar 1999/63/EB hvað vinnutíma varðar, en íslensk lög kveða á um að á þeim skuli hvíldartími áhafnar vera samkvæmt íslenskum sérákvæðum, er næsta víst að hin íslensku sérákvæði verða væntanlega að engu virt og ekki ljóst með hvaða hætti Siglingastofnun Íslands getur framfylgt þeim. Af þessu leiðir að orðið “samfelld” í 2 málslíð 3. gr frumvarpsins verður að fella niður.

Að öðru leyti lýsir Samband íslenskra kaupskipaútgerða stuðningi við efni frumvarpsins, þar sem það er til þess fallið að jafna samkeppnisstöðu kaupskipaútgerða.

Virðingarfyllst

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem